

Umsögn Háskólans á Bifröst vegna nýskipunar lögreglumenntunar á Íslandi

Pingskjal 1215 — 742. mál.

Vegna frumvarps til laga um um breytingu á lögreglulögum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (menntun lögreglu) vill Háskólinn á Bifröst koma á framfæri að hann styður nýja skipan lögreglumenntunar á Íslandi. Háskólinn lýsir jafnframt yfir eindregnum vilja sínum til í að þróa lögreglunám á háskólastig fyrir haustið 2016. Háskólinn hefur áður lýst sjónarmiðum sínum þar um í ítarlegri greinargerð sem send var innanríkisráðuneyti 30. nóvember 2015.

Rannsóknir sakamála sífellt flóknari

Rannsóknir sakamála verða æ flóknari og mismunandi brotaflokkar krefjast ólíkra rannsókna. Þá hafa möguleikar lögreglu til að upplýsa sakamál aukist til mikilla muna samhliða aukinni tæknikunnáttu. Mun meiri þörf er fyrir sérhæfðari lögreglumenn en fyrir nokkrum áratugum síðan, t.d. vegna netöryggismála, skipulagðrar glæpastarfsemi, hættu á hryðjuverkum en einnig við daglegar sakamálarannsóknir kynferðisbrota sem og við umfangsmiklar rannsóknir efnahagsbrota. Háskólanám í lögreglufræðum mætir þessum flókna heimi lögreglurannsókna. Eðlilegt og nauðsynlegt er því að lögreglunám verði fært á háskólastig hérlendis rétt eins og gert hefur verið í öðrum Norðurlöndum.

Áralöng reynsla Háskólans á Bifröst af fjarnámi

Það er í samræmi við nútímaleg viðhorf að til lögreglunnar veljist fjölbreyttur hópur jafnt karla sem kvenna af landinu öllu. Í því sambandi hefur grundvallarþýðingu að nám í lögreglufræðum standi nemendum einnig til boða í fjarnámi. Aðeins þannig er raunverulega unnt að tala um jafnræði til náms eftir búsetu og aðeins þannig er unnt að tryggja að öll lögregluembætti standi jafnt að vígi. Enginn háskóli á landinu stendur frammar Háskólanum að Bifröst hvað varðar reynslu, þekkingu og búnað til fjarnáms á háskólastigi. Raunar er það svo að meirihluti háskólanema skólans eru í fjarnámi. Síðastliðið haust varð skólinn einnig fyrstur íslenskra háskóla til að bjóða upp á grunnnám í lögfræði í fjarnámi og með vinnu en slíkt fyrirkomulag þekkist erlendis. Framkvæmd fjarnámsins er með þeim hætti að fjarnemar og staðnemar sækja sömu námskeið, með sömu verkefnum og prófum, og möguleikar á hefðbundnu staðnámi minnka því ekki á nokkurn hátt þó að samhliða sé einnig boðið upp á vera í fjarnámi.

Lotukerfi styður við starfsknám

Samspil fræðilegs og verklegs náms er mikið vegna eðlis lögreglunáms. Bifröst hefur tekið upp lotukerfi í kennslu og því eru allar aðstæður innan skólans mjög hagstæðar þeim hugmyndum sem starfshópur um endurskoðun lögreglunáms hefur lagt til. Ákveðin námskeið yrðu kennd heila önn en önnur í styttri lotum í samspili við nám á vettvangi.

Samvinna við menntasetur grundvallaratriði

Háskólinn á Bifröst tekur undir að rétt sé að stofna mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu innan embættis ríkislögreglustjóra samhliða því sem að Lögregluskóli ríkisins verði lagður niður. Með því er tryggt að reynsla og þekking um lögreglumenntun glatist ekki. Gott samstarf við mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu við háskóla er jafnframt lykilforsenda þess að vel takist að stíga þetta mikilvæga skref um menntun lögreglumanna. Þá er mikilvægt að setrið verði tengiliður við háskólasamfélagið um störf lögreglumanna. Hins vegar er ljóst, líkt og greinir í frumvarpinu, að ábyrgð á fyrirkomulagi og uppbyggingu náms á háskólastigi er háskóla. Það er að mati Háskólans nauðsynleg forsenda að gerður verði samningur um kennslu- og rannsóknarstarfsemi í samræmi við ákvæði 21. gr. laga um háskóla líkt og greinir í frumvarpinu. Ljóst er að vegna sérstöðu lögreglustarfa verður að tryggja tengingu milli fræðilegs og verklegs hluta námsins.

Nám í lögreglufræðum á lögfræðisviði Háskólans á Bifröst

Námslína í lögreglufræðum á heima á lögfræðisviði skólans. Háskólinn á Bifröst lítur svo að tvær fyrirbyggjandi skýrslur starfshóps um lögreglumenntun séu góður grunnur fyrir áframhaldandi þróunarvinnu. Þá er tekið undir að rétt sé að ráðherra setji reglugerð með nánari fyrirmæli um framboð sérhæfðra námskeiða, inntökuskilyrði nema í starfsnám og starfsemi mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu. Tekið er undir með því sem í frumvarpinu greinir um hlutverk mennta- og starfsþróunarseturs. Auk akademískra starfsmanna Háskólans á Bifröst þá yrði kennsla í höndum reyndra og sérhæfðra lögreglumanna. Einnig yrði leitað til saksóknara hjá ákærvaldinu svo sem verið hefur um ákveðna þætti námsins.

Af hálfu Háskólans á Bifröst hefur nokkur greiningarvinna nú þegar farið fram, til að mynda hvað varðar inntak lögreglunáms á Norðurlöndunum. Mikill metnaður er fyrir þessu verkefni innan skólans. Verði Háskólanum á Bifröst fengið það hlutverk að bjóða upp á nám í lögreglufræðum yrði settur á fót sérstakur starfshópur um það verkefni. Sviðsstjóri lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst hefur reynslu af störfum lögreglunnar eftir að hafa starfað sem deildarstjóri ofbeldisbrotadeildar hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu (LRH) og síðar við saksókn hjá ríkissaksóknara og því ágæta innsýn í fjölbreytileg verkefni lögreglunnar.

Litið verði til reynslu af Norðurlandanna við þróun lögreglunáms á háskólastig

Háskólinn á Bifröst leggur þunga áherslu á mikilvægi þess að við smíði á námslínu verði liti til norræna fyrirmynda þar sem þetta skref hefur nú þegar verið tekið. Í skýrslu starfshópsins eru Danmörk og Finnland nefnd sem dæmi en ástæða þykir til að kanna einnig vandlega umhverfi í Noregi og í Svíþjóð. Þá verðir hliðsjón höfð af upplýsingum og athugasemdum frá hagsmunaaðilum, úr starfsgreiningu og sjónarmiðum lögreglumanna. Í skýrslunni er fjallað um fjögur kjarnasvið námsins, sem tekið er undir að verði þungamiðjan í smíði námskrár. Þau eru:

1. Almenn lögfræði

Fjallað um viðtækt hlutverk lögreglu í samfélaginu sem og hlutverk lögreglu í ólíkum málum til að störf lögreglu verði sem skilvirkust. Í þessum þætti væri eðlilegt að byggja á þeim grunni sem nú þegar er fyrir hendi innan Lögregluskólans við þróun á námskeiðum, þeim hugmyndum sem fram koma í Viðauka 1 við skýrslu um endurskoðun lögreglunáms en ekki síst að kanna hvaða námskeið eru kennd í lögreglunámi á Norðurlöndum og greina námskeiðslýsingar þar að baki. Af hálfu Háskólans á Bifröst hefur nú þegar verið lögð nokkur vinna í að rýna námskrár lögreglunáms á Norðurlöndunum.

2. Lögfræði

Það eru einkum fjórir lagabálkar sem lögreglumenn þurfa að þekkja og vinna við; lögreglulög, hegningarlög, lög um meðferð sakamála og umferðarlög en auk þess reynir á sérrefsilöggjöf, stjórnsýslulög o.fl. Þá þurfa lögreglumenn að hafa þekkingu á ákvæðum stjórnarskrár sem og þeim alþjóðasamningum sem snerta starfsumhverfi þeirra. Í þessum þætti er mikil skörun við námskeið sem nú þegar eru kennd við lögfræðisvið Háskólans á Bifröst. Hér þarf þó að líta til sérstakra sjónarmiða sem kunna að eiga við um nemendur í lögreglufræðum. Í viðauka við skýrslu um endurskoðun lögreglunáms eru eftirfarandi námskeið nefnd, sem Háskólinn á Bifröst tekur undir að eigi heima í námsskrá lögreglunáms: almenn lögfræði/aðferðafræði, refsiréttur, réttarfar, sérrefsilög, mannréttindi, stjórnsýsluréttur, sifjaréttur, fjármuna- og eignaréttur og vinnuréttur. Öll þessi fög eru ekennd á við lögfræðisvið skólans. Hér er jafnframt lagt til að hliðsjón verði höfð af því hvaða námskeið eru kennd í sambærilegum námi á Norðurlöndum.

3. Félags- og heilbrigðisvísindi

Í umsögnum hagsmunaaðila, í starfsgreiningu og viðhorfum lögreglumanna var sérstök áhersla lögð á eftirfarandi þætti: hugræn geta, árvekni, þolinmæði, samskiptafærni og almenn sálfræðileg þekking. Þá nefndu lögreglumenn sjálfir samskiptahæfileika, ákvarðanatöku og siðferði sem mikilvægustu þætti lögreglustarfsins. Einnig var lögð áhersla á fræðslu um jafnréttismál, einelti, kynferðislega- og kynbundna áreitni og siðferði. Hvað þennan þátt varðar er framundan greiningarvinna um hvaða námskeið geta best þjónað nemendum í lögreglufræðum og að hversu miklu leyti verði um ræða námskeið í félagsvísindum, s.s. sálfræði. Í áðurnefndum viðauka eru nefnd námskeið í t.d. siðfræði, samskiptum, aðferðafræði og tölfræði. Þau námskeið eru nú þegar kennd í Háskólanum á Bifröst. Þá telur Háskólinn á Bifröst að undirstöðufög í afbrotufræði verði hér einnig að koma til skoðunar sem og félagsfræði.

4. Starfsþjálfun

Hér er lagt til að höfð verði hliðsjón af því hvernig farið hefur verið með þennan hluta námsins þegar lögreglunám hefur verið fært á háskólastig á Norðurlöndum sem og við starfsnám í öðru háskólanámi, þó vissulega eigi sérstök sjónarmið um lögreglunám hvað það varðar.

Möguleikar á áframhaldandi styrkingu lögreglunáms

Athygli er vakin á þeim möguleika að samhliða því að færa lögreglunám á háskólastig eru einnig komnar fram forsendur til að styrkja stoðir símenntunar og endurmenntunar á sviði lögreglufræða. Slík sérhæfð námskeið kunna einnig eftir atvikum að eiga erindi við starfsmenn ákærvaldsins. Námskeið um sérhæfðar sakamálarannsóknir eða yfirheyrslutækni o.þ.h., kunna að eiga erindi við sækjendur sem og dómendur. Með háskólanámi í lögreglufræðum opnast því möguleikar fyrir símenntun og endurmenntun hjá öðrum lykilgreinum réttarkerfisins. Í þessu sambandi kæmi reynsla og þekking Háskólans á Bifröst á fjarnámi sér afar vel þar sem það skapar verulega aukinn sveigjanleika fyrir starfandi lögreglumenn að sækja sér í endurmenntun. Þá er mikilvægt að hafa í huga að í lögreglufræðum á Norðurlöndum, t.d. í Noregi, er einnig í boði meistaranám og doktorsnám.

Samantekt

Með vísan til þess sem að framan er rakið af reynslu Háskólans á Bifröst af fjarnámi, sem og af fjölbreytilegum kennsluháttum og ekki síst eftir að hafa innleitt lotukerfi, telur skólinn að það verði engum vandkvæðum bundið að bjóða upp á þá umgjörð og fagleg gæði nauðsynleg er fyrir lögreglunám á háskólastigi. Skólinn hefur mikla aðlögunarhæfni og þjónustugetu. Samskipti milli skólans og lögreglunnar gætu verið einföld í sniðum og ákvarðanataka auðveld þrátt fyrir að ströngustu gæðakröfum verði fylgt. Hin mikla reynsla af fjarnámi mun jafnframt gera að verkum að auðveldara verði að ná því markmiði að lögreglunám laði að sér fjölbreyttan hóp nema í lögreglunám, karla og konur alls staðar af á landinu. Mikill metnaður er fyrir náminu í Háskólanum á Bifröst.

Bifröst, 17. maí 2016

Fyrir hönd Háskólans á Bifröst,
Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
sviðsstjóri lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst